



Fundargerð

421. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 16:00 föstudaginn 8. júní 2018. Þetta er 6. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskrað af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 3 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir Z-lista boðar forföll. Í hennar stað er mætt Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnskra bætist;

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

12. Fulltrúi á aðalfund Háskólafélags Suðurlands 12. júní 2018

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Sveitarstjóri sat aðalafund Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu 22. maí sl. Kynntir voru ársreikningar sveitarfélagsins ásamt úttektarskýrslu VSÓ ráðgjafar um ríkisjarðir í Meðallandi á íbúafundi. Ráðgjafar frá Dattaca labs komu í lok mánaðar til að hefja vinnu við innleiðingu á nýju persónuverndarlöggjöfni. Sveitarstjóri þakkar fráfarandi sveitarstjórnarmönnum fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu.

Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

Engar fundargerðir til samþykktar

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1802010 Samstarf sveitarfélaga. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, dags. 23.05.2018.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu fyrir sína hönd og senda umbeðin gögn til ráðuneytisins.

2. 1805018 Umsókn um niðurrif fjárhúsa í Hraunbæ fastanr. 218-9521. Ríkiseignir, dags. 07.05.2018.

Ríkiseignir kt. 690981-0259 f.h. Ríkissjóðs Íslands sækir um leyfi til niðurrifs á þremur fjárhúsum (matshl. 05,13 og 15) á Hraunbæ landnr.163368. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við niðurrif húsa og felur byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

3. 1806002 Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki IV frá Íslandshótelum ehf. vegna Núpár Hótel, Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 16.05.2018.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. Bjarki Guðnason situr hjá vegna aðkomu sinnar að málinu á síðari stigum.



4. 1806003 Laufbalavatnshellar. Hellarannsóknafélag Íslands, dags. 18.05.2018
Sveitarstjórn þakkar erindið og sýndan áhuga Hellarannsóknafélags Íslands. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að tekin verði sýni úr Laufbalavatnshellum fyrir sitt leyti í rannsóknarskygni í samvinnu við landeigendur. Sveitarstjórn óskar eftir því að fá kynningu á niðurstöðum sýnatökunnar frá Hellarannsóknafélagi Íslands áður en ákvörðun um frekara samstarf verður tekin.
5. 1710007 Samstarfssamningur Skaftárstofa. Fanney Ásgeirsdóttir, Þjóðgarðsvörður Vatnajökulsþjóðgarðs, dags. 05.06.2018.

Bjarki Guðnason óskar bókunar;

Ég harma það að þessi liður fundarins sé til kominn vegna facebook færslu hjá mér um Skaftárstofu en þar kemur fram mín persónulega skoðun á ákveðnum viðburði í húsnæði sveitafélagsins en ekki annara í sveitarstjórn.

JG, SG og EBH vísa til bókunar á 420. fundi sveitarstjórnar við lið nr. 15 undir II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu. JBJ situr hjá.

6. 1704002 Sameining lóðanna Lækjaborgir 1 og 2 á Kálfafelli, Byggðaból ehf. dags. 05.06.2018.
Byggðaból ehf. sækir um sameiningu lóðanna Lækjaborgir 1 (landr.225280) stærð 2,64 ha og Lækjaborgir 2 (landnr. 22581) stærð 0,69 ha. Hin sameinaða lóð verður Lækjaborgir 1 (landnr.225280) að stærð 3,33 ha. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við sameiningu lóðanna og felur skipulagsfulltrúa að ljúka málinu.

7. 1806006 Umsókn um stöðuleyfi. Hótel Laki ehf. dags. 03.05.2018

Eva Björk Harðardóttir oddviti lýsir yfir vanhæfi, vikur af fundi og felur sveitarstjóra að taka við stjórn hans.

Sveitarstjórn samþykkir veitingu leyfisins og felur byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

8. 1806005 Umsókn um stöðuleyfi. Fjölverk ehf. dags. 03.05.2018

Sveitarstjórn samþykkir veitingu leyfisins og felur byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.

9. 1806008 Umsókn um leyfi til breytingar á bílskúr Skaftárvöllum 2. Velunnarasjóður Klausturhóla, dags. 15.05.2018

Sverrir Gíslason lýsir yfir vanhæfi og vikur af fundi.

Ingólfur Hartvigsson f.h. Velunnarasjóðs Klausturhóla kt. 700399-2739 sækir um að fá að breyta bílskúr eignar að Skaftárvöllum 2 í íbúð. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti og felur skipulagsfulltrúa að gera óverulega breytingu á deiliskipulagi samkvæmt 2 mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010.

Sverrir Gíslason kemur aftur til fundarins.



10. 1705009 Fornleifaskráning í Skaftártungu – beiðni um styrk. Elín Ósk Hreiðarsdóttir, dags. 06.03.2018.
Sveitarstjórn þakkar erindið og samþykkir styrkbeiðnina að upphæð 250.000,- tekið af líð 0589-4392.
11. 1806007 Beiðni um sameiningu lögbýlanna Holt 1 og Holt 2. Ríkiseignir, dags. 01.06.2018.
Ríkiseignir óska eftir umsögn/samþykki sveitarstjórnar Skaftárhrepps vegna fyrirhugaðrar sameiningar jarðarinnar Holt 1, landnr.163365 að stærð 16,3ha við jörðina Holt 2, landnr. 163366 að stærð 427,8 ha undir landnúmeri Holts 2. Landnúmer Holts 1(163365) fellur niður við sameininguna. Jörðin Holt 2 landnr.163366 verður eftir sameininguna 444,1 ha að stærð. Auk heimalands tilheyrir sameignarland Holts- og Herjólfstaða jörðunum. Báðar jarðirnar eru í eigu Ríkissjóðs Íslands í umráðum Ríkiseign. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við sameiningu umræddra jarða og felur sveitarstjóra að ljúka málinu.
12. Fulltrúi á aðalfund Háskólafélags Suðurlands 12. júní 2018
Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að fara með atkvæði fyrir sitt leyti á aðalfundi Háskólafélags Suðurlands.

III. Fundargerðir til kynningar


1. Fundargerð 860. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. dags. 18. maí 2018. *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð 187. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands. dags. 31.05.2018. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð 531. fundar stjórnar SASS, dags. 03.og 04. maí 2018. *Fundargerð kynnt.*
4. Fundargerð 32. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 22.05.2018 og fundargerð aðalfundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. dags. 22.05.2018. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni.

1. Minnisblað um vegamál. Verkefnisstjóri Skaftárhrepps til framtíðar, dags. 05.06.2018. *Kynnt.*
2. Aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands. Afmælisnefnd. Maí 2018. *Kynnt.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 18:02


Eva Björk Harðardóttir


Jóhannes Gissurásson


Jóna Björk Jónsdóttir


Bjarki Guðnason


Sverrir Gíslason